

Ársskýrsla stjórnar Álfavina, foreldrafélags leikskólans Álfasteins

Fulltrúar foreldrafélagsins tóku þátt í endurskoðun innan Hörgársveitar á skipan skólamála. Ályktun stjórnar Álfavina var fylgt eftir við þá vinnu, þar sem stjórnin minnti á hversu góðan leikskóla við höfum og hversu mikilvægt við teljum að halda áfram rekstri hans. Stjórnin lagðist gegn flutningi leikskólans og lagði áherslu á aukna samvinnu við grunnskólann á Þelamörk. Það var álit stjórnar Álfavina að fækkun barna í leikskólanum væri tímabundin þróun sem myndi ekki vara lengi. Við viljum því benda á að sú þróun hefur nú þegar snúist við og eru nú um 30 börn í leikskólanum á næsta skólaári.

Síðasta starfsár foreldrafélagsins var nokkuð hefðbundið. Við höfum starfið síðasta haust með íþróttuferð á Þelamörk, en þær urðu 5 talsins á starfsárinu og þar af borgaði foreldrafélagið 2 en leikskólinn þrjár. Þegar kom að jólunum var ákveðið að jólasveinninn fengi styrk frá foreldrafélaginu til að kaupa handa krökkunum vatnsbrúsa sem gæti nýst þeim í starfinu í leikskólanum.

Eftir áramótin var í samvinnu við bæði leikskólan, Þelamerkurskóla og foreldrafélagið þar, fengin brúðuleiksyningin Pétur og Úlfinn og var hún sett upp hérna á Álfasteini. Öskudagurinn var eins og áður og fengu allir krakkarnir í leikskólanum nammipoka að gjöf frá foreldrafélaginu til að taka með sér heim. Eins fórum við í sveitarferð sem foreldrafélagið kostaði.

Á vorhátíðinni hélt foreldrafélagið tombólu, sá um grill og fleira í frábæru veðri. Afraksturinn af tombólunni var nýttur í ferð í sundlaugargarðinn á Akureyri. Fjöruferðin að þessu sinni var farin út á Hjalteyri þar sem börnin undu sér ekki síður í leiktækjunum á eyrinni en í fjörunni sjálfri. Að auki við þetta starf var eins og áður danskennsla í leikskólanum sem var niðurgreidd af foreldrafélaginu.

Fyrir næsta starfsár er gert ráð fyrir aukinni samvinnu á milli foreldrafélaganna á Álfasteini og Þelamerkurskóla. Það er fyrirhugaður sameiginlegur fundur stjórna beggja félaga þar sem ætlunin er að kanna vilja og getu til meiri samvinnu. Í þeim efnum hefur verið rætt til dæmis um föndurdaga, heimsóknir á milli skólanna sem og sameiginlegt jólaball (litlu jól) allra barna í Hörgársveit sem yrði þá væntanlega í Hlíðarbæ.

Stjórn foreldrafélagsins hefur líka ákveðið að efna til 3ja viðburða þar sem foreldrar og börn hittust utan leikskóla. Ætlunin er að hafa einn útivistardag, líklega á Hömrum í vetur þar sem foreldrar og börn kæmu með sleða/þotur og ættu saman góðan dag. Annar viðburður væri leiksyning eins og verið hefur þar sem við reynum með magnkaupum að fá ódýrari miða á barnasýningu. Þriðji viðburður er sameiginleg sundferð á Þelamörk.

Vegna þess hversu hátt hlutfall barna í leikskólanum eru yngri börn að þessu sinni hefur komið upp sú hugmynd að skipta út danskennslu fyrir eitthvað sem hentaði betur öllum börnunum betur. Til dæmis hefur verið rætt um tónlistarkennslu.

Stjórn foreldrafélagsins þakka fyrir síðasta ár, við köllum eftir ef einhver hefur áhuga á að starfa í stjórn annars erum við til að starfa áfram næsta starfsár.

f.h stjórnar Jón Þór Benediktsson